

Stjórnarfundur Heyrnarhjálp 23. Febrúar 2026 Sigtún 42 105 Reykjavík

Mættir: Telma Sigtryggisdóttir, Ingólfur Már Magnússon, Sigrún Magnúsdóttir, Bergþóra Kr. Bergþórsdóttir og Kristín Margrét Bjarnadóttir. Fjarverandi: Kristján Sverrisson, Jóna Vestfjörð Dagskrá

1. Herferð Heyrnarhjálp “Vitundarvakning um áhrif heyrnarskerðingar á líf fólks”

Herferðin hefur gengið vonum fram og vakið mikla athygli nú þegar. Fyrstu tölur eru þær að smellhlutfallið er mjög gott og efnið virðist vera að ná vel í mark. Nú þegar erum við búin að ná til um 74.000 manns með 139.000 birtingum. 2.538 smellir og smellhlutfallið er 5,9%. Miðað er við að allt yfir 1% er gott þannig að við erum vel yfir meðallagi. Dreifingin er einnig mjög jöfn yfir bæði aldur og kyn. Náum ekki til 13-17 ára sem er skiljanlegt og við vorum heldur ekki að fókusa á þann aldur sérstaklega. Mjög jafnt hlutfall alveg frá 25 ára til 64 ára og fer svo hækkandi frá 65 ára og eldri.

2. Dagur heyrnar þann 3. mars- undirbúningur – staða. HTI hefur hætt við að halda fjarráðstefnu en birtir þess í stað ávarp frá Ölmú heilbrigðisráðherra þar sem hún ítrekar mikilvægi góðrar heyrnar. Á degi heyrnar mun Alma Ýr formaður ÖBI afhenda Kristjáni Sverrissyni heyrnarskimunartæki og um leið skora á yfirvöld að hefja skimun á grunnskólabörnum á nýjan leik. Telma Sigtryggisdóttir mun birta grein á visir.is sem fjallar um þau börn sem gætu mögulega verið týnd í kerfinu vegna heyrnarskerðingar. Tillaga var sett fram um að endurnýja heyrnarhjálp logoið okkar sem var samþykkt af stjórn. Tillaga sett fram um að láta prenta út leiðbeiningar um það hvernig best er að aðstoða heyrnarskerta einstaklinga og koma til móts við þá. Stjórn samþykkti það en viljum hafa plakatið í okkar litum. Ákveðið var að prenta boli með logo-i Heyrnarhjálp framman á bolinum en aftan á herferðar logoið okkar “Heyrðu mig nú”. Einnig var ákveðið að prenta út ný nafnspjöld fyrir Heyrnarhjálp.

3. Ráðstefna EFHOH í Brussel í apríl 2026 Samþykkt var að formaður Heyrnarhjálp færi á ráðstefnuna fyrir hönd Heyrnarhjálp.

4. Sækja um verkefnastyrk fyrir herferðinni hjá Heyrnarhjálp – umsóknarfrestur til 15. mars Samþykkt var að sækja um styrk hjá ÖBI fyrir herferð Heyrnarhjálp.

5. Staða á verkefni vegna fræðslu til aldraðra. Ekkert nýtt þarna þar sem að ekki var komin nein niðurstaða um styrk til verkefnisins. Sótt var um styrk en ekki komið svar.

6. Ráðstefna – fengum boð um að halda alþjóðlega ráðstefnu (Hildur Bæringsdóttir-Guðrún O Kristinsdóttir) Meet in Reykjavík. Offer to host the international congress of the hard of hearing people in Iceland. The conference has never been held in Iceland. Formaður sagði frá boði um að halda ráðstefnu og áhugi er fyrir hendi en við verðum að fá frekari upplýsingar varðandi ráðstefnuna.

7. Staða á félagsgjöldum Ekki komnar neinar nýjar upplýsingar en gjaldkeri ætlar að athuga frekar.

8. Greiðsla vegna aðstoðar við verkefnið Unndís. Þar sem að verkefnið var mun umfangsmeira en talið var í byrjun var samþykkt að okkar talsmaður fengi greitt fyrir störf sín með Unndísi.

9. Vefsíða Heyrnarhjálp – uppfærsla. Vefsíðan er komin til ára sinna og þarfnast uppfærslu. Stjórn samþykkti uppfærslu.

10. Aðalfundur Heyrnarhjálp. Rætt var um að nú fer að koma að aðalfundi Heyrnarhjálp. Komið er að endurkjöri tveggja stjórnarmeðlima. Við þurfum að auglýsa eftir frambjóðendum. Auglýsa þarf aðalfund tveimur vikum fyrir bókaðan fund. Gjaldkeri ýtir á að að gera þarf ársreikning Á aðalfundi verður farið yfir árið og skýrsla stjórnar lesin upp. Það þarf að panta rittúlk, herbergi, auglýsa, panta veitingar, bóka fundarstjóra og ákveða hvort við verðum með fyrirlesara. Fyrirhugað er að hafa aðalfund þann 23. apríl næstkomandi.

11. Önnur mál. Þarf að fara betur í gegnum þær upplýsingar sem eru á heimasíðu Heyrnarhjálp. - Til dæmis þarf að athuga símanúmer og fl. - Taka út fax númer. - Láta setja myndbönd efst á síðuna og hafa vel áberandi. Skoða betur hvað Miðeind er að bjóða upp á, einnig Tíró. Hafa samband við þau aftur. Talað um app – text on topp – tala við Rósu hjá ÖBI, stafrænan verkefnastjóra. Félag heyrnarskertra í Noregi var að biðja um upplýsingar/tölfræði yfir vinnumarkaðinn og heyrnarskerta á vinnumarkaðnum en við á Íslandi erum ekki með neinar upplýsingar varðandi það.

Fundi slitið kl.18:45